

Alþingi
Erindi nr. P 127/291
komudagur 29.11.2001

Sent: 28. nóvember 2001 17:46
To: Sigrun Brynja Einarsdottir
Subject: Frumvarp v/laga 75/1981, 114. mál.

Sæl Sigrún.

Í framhaldi af símtali við þig í dag kem ég á framfæri ósk um breytingu á 27. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum 75/1981 o.s.frv.:

27. gr. hljóði þannig að einstaklingur í atvinnurekstri geti fært rekstur sinn í áður stofnað einkahlutafélag. Þetta er sett fram til að einfalda yfirfærsluna, bæði fyrir einstaklingana og skattyfirvöld. Ef fara á eftir ákvæðinu verða allir einstaklingar í atvinnurekstri með rekstur sinn á eigin vegum þar til stofnefnahagsreikningur liggur fyrir, væntanlega í ferbrúar til maí á næsta ári og geta þá fyrst yfirfært hann í einkahlutafélag. Á næsta ári leiðir þetta til þess að sami reksturinn kallar á tvær kennitölur vegna virðisaukaskattsskila (þ.e. fyrir og eftir yfirfærslu) og sama er með staðgreiðsluskil. Rekstur ársins 2002 veldur því síðan á árinu 2003 að verulega vinnu þarf að leggja í tvenn rekstrarframtöl, bæði einstaklingsins í atvinnurekstri og einkahlutafélagsins. Til þess að losna við þetta óhagræði, sem eins og áður segir snertir bæði einstaklingana og skattyfirvöld, þarf að leyfa einstaklingum í atvinnurekstri að stofna einkahlutafélög fyrir n.k. áramót, eða að nota ehf. í þeirra eigu, þannig að rekstur ársins 2002 byrji í einkahlutafélagsformi og síðan renni stofnefnahagsreikningur inn í félögin á bókfærðu verði þegar hann liggur fyrir á venjulegum uppgjörstíma. Ekki er að sjá að þetta stríði á móti anda 27.gr. eða skýringartextans með greininni.

Framsetning 27. gr. eftir breytingu er lagatæknilegt atriði sem aðrir þekkja betur en ég.

Kveðja,
Guðmundur E. Kjartansson,
endurskoðandi,
Ísafirði.